

Ársfundur Landspítala 2014

6. maí á Hótel Hilton Reykjavík Nordica

María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs á Landspítala

Um ársreikning Landspítala 2013

Heilbrigðisráðherra, ráðuneytisstjóri, forstjóri og aðrir ársfundargestir!
Ég mun nú gera grein fyrir ársreikningi Landspítala fyrir árið 2013.

REKSTRARREIKNINGUR			
	2013	2012	Mism.
Fjárheimildir til rekstrar	43.809	40.707	7,6%
- þar af sértekjur	4.615	4.229	9,1%
Launagjöld	31.858	28.810	10,6%
Rekstrargjöld	11.730	11.033	6,3%
Stofnkostnaður og endurbætur	1.737	875	98,5%
Fjármagnsliðir	-31	-28	10,3%
Gjöld samtals	45.293	40.690	11,3%
Rekstrarniðurstaða	-1.484	16	

Fjárheimildir og sértekjur ársins námu 43.809 milljónum króna og heildargjöld um 45.293 milljónum króna. Á milli áruna 2012 og 2013 hækkuðu heildarrekstrargjöld spítalans um 11,3% og fjárheimildir um 7,6% á verðlagi hvors árs. Sértekjur jukust um 9,1% en sú hækkun stafar af nokkrum þáttum, m.a. auknu gjafafé.

Launagjöld eru stærsti kostnaðarliðurinn 2013 eða ríflega 70% útgjalda og er það heldur lægra hlutfall en síðustu ár. Rekstrargjöld, önnur en laun, eru tæplega 26% af heildargjöldum sem jafnframt er heldur lægra hlutfall en áður. Gjöld vegna tækjakaupa, endurbóta og annars stofnkostnaðar námu 3,8% en voru rétt um 2% árið 2012. Þessi hækkun stafar annars vegar af auknu opinberu framlagi til tækjakaupa en hins vegar af gjafafé til endurbóta á húsnæði spítalans. Fjármagnstekjur námu 31 milljón króna. Gjöld umfram tekjur voru 1.484 milljónir róna eða um 3,3% af veltu.

	2013	2012	Mism.
Launagjöld	31.858	28.810	10,6%
Dagvinnulaun	18.189	16.820	8,1%
Yfirvinna	2.982	2.328	28,1%
Álagsgreiðslur og önnur laun	4.615	4.183	10,3%
Launatengd gjöld	6.071	5.480	10,8%
Fjöldi starfsmanna á launum (meðaltal)	4.683	4.596	1,9%
Ársverk (stöðugildi)	3.666	3.643	0,6%

Launagjöld hækkuðu um 10,6% á milli árána 2012 og 2013. Dagvinnulaun hækkuðu um 8,1%, en yfirvinna hækkaði um 28,1%. Álagsgreiðslur og önnur laun hækkuðu um 10,3%. Launatengd gjöld jukust um 10,8%.

Starfsmönnum fjölgaði um 1,9% en dagvinnustöðugildum fjölgaði um 0,6%. Hækkun fastra launa umfram fjölgun dagvinnustöðugilda er vegna hækkana skv. kjarasamningum þann 1. mars 2012 og 1. mars 2013 og einnig vegna stofnanasamninga sem tóku gildi á árinu 2013.

Yfirvinnulaun hækkuðu um 28,1% milli ára eða tæp 20 prósentustig umfram hækkun reglulegra launa. Hækkunin stafar að langmestu leyti af aukningu á breytilegri yfirvinnu en að einhverju leyti af breytingu á ákvæðum kjarasamninga.

	2013	2012	Mism.
Rekstrargjöld	11.730	11.033	6,3%
Lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvörur	4.235	4.190	1,1%
Lyf	1.588	1.405	13,1%
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	3.237	2.942	10,0%
Aðrir rekstrarliðir	2.670	2.497	6,9%

Rekstrargjöld, önnur en laun, hækkuðu um 6,3%. Kostnaður við innkaup lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvara jókst um 1,1% og lyfjakostnaður um 13,1%. Þessi mikla hækkun á lyfjakostnaði tengist einu mjög dýru lyfi við sjaldgæfum lífshættulegum sjúkdómi. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld og aðrir rekstrarliðir hækkuðu samtals um 468 milljónir eða 8,6%. Þessi hækkun skýrist af allmörgum þáttum, svo sem auknum kostnaði vegna þjónustu erlendra skurðlækna, uppfærslu og þróun hugbúnaðar, sérfræðiráðgjöf vegna endurskoðunar skipulags

spítalans og tilfærslu á rekstri hæfingardeildar í Kópavogi til Áss styrktarfélags. Hér er því ekki um hreina eða viðvarandi gjaldaaukningu að ræða.

STOFNKOSTNAÐUR OG ENDRBÆTUR		
	2013	2012
Tækjakaup, meiriháttar	1.292	567
Aðalbygging Hringbraut, endurbætur	103	0
Geðgjörgæsla	73	0
Hringbraut, breytingar á húsnæði fyrir nýjan línuhædal	30	0
Vífilstaðir, endurbætur vegna opunar hjúkrunardeildar	25	0
Fossvogur og Hringbraut, eldvarnir og aðgangsstýrikerfi	36	0
Annað	179	308
Samtals	1.737	875


Á árinu 2013 var 1.292 milljónum króna varið til tækjakaupa en árið 2012 var þessi fjárhæð 567 milljónir króna. Hækkunin, sem nemur 128% er annars vegar vegna þess viðbótarfjármagns sem veitt var til tækjakaupa á fjárlögum ársins 2013 og hins vegar vegna gjafafjár. Auk þess bárust Landspítala ýmis tæki að gjöf sem ekki koma fram í reikningsskilunum.

Til annars stofnkostnaðar og endurbóta var varið 445 milljónum króna en til samanburðar var á árinu 2012 varið til þessa liðar 308 milljónum. Á verðlagi hvors árs hækkaði þetta um 44%. Stærsti liðurinn voru endurbætur á aðalbyggingu Landspítala við Hringbraut vegna rakaskemmda og myglu. Kostnaður vegna þessa nam ríflega hundrað milljónum króna. Öðrum áfanga við húsnæði nýrrar geðgjörgæslu lauk á árinu. Kostnaður við það var 73 milljónir króna og var það að hluta fjármagnað af söfnunaráttakinu Á allra vörum.


EIGNIR OG SKULDIR		
	2013	2012
Eignir		
Skammtímakröfur	1.545	1.639
Birgðir	735	662
Skuldir		
Höfuðstóll	-4.435	-2.951
Viðskiptaskuldir	3.832	2.730

Skammtímakröfur eru 1.545 milljónir og hafa lækkað um 94 milljónir króna milli ára. Verðmæti birgða jókst úr 662 milljónum árið 2012 í 735 milljónir árið 2013 eða um 73 milljónir króna. Þar vegur þyngst aukið verðmæti lyfjabirgða. Viðskiptaskuldir hafa hækkað úr 2.730 milljónum í 3.832 milljónir eða um 630 milljónir króna. Neikvæður höfuðstóll Landspítala var 2.951 milljón árið 2012 en var í árslok 2013 4.435 milljónir króna. Breytingin nemur rekstrarhalla ársins 2013.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2012 þar sem lagt er til að Landspítali fái viðbótar fjárheimild sen nemur 2.223 milljónum króna vegna ársins 2012 sem skuli mæta hluta hallarekstrar frá árunum fyrir 2010 en eins og fram hefur komið var spítalinn rekinn án halla árin 2010, 2011 og 2012 þrátt fyrir fordæmalausan niðurskurð fjárveitinga. Ef til færslu þessarar fjárheimildar kæmi í reikningsskil spítalans færi sú færsla ekki í rekstrarreikning heldur yfir höfuðstól í efnahagsreikningi. Þar sem frumvarpið er ekki orðið að lögum er viðbótarfjárheimildin ekki færð í reikningsskil ársins 2013. Neikvæður höfuðstóll spítalans í árslok 2013 næmi 2.212 milljónum króna hefði færslan átt sér stað á því ári en er 4.435 milljónir eins og áður segir.



Það er áhugavert að skoða rekstrarniðurstöðu Landspítala árið 2013 í samhengi við þróun opinberra útgjalda frá aldamótum, árið 2001 er viðmiðunin fyrir öll árin. Á samræmdu verðlagi jukust útgjöld til allra þessara flokka jafnt og þétt árin 2001 til 2007, til menntamála (bláa línan), almannatrygginga og velferðarmála (bleika línan), heilbrigðismála almennt (gráa línan) og til Landspítala (rauða línan). Aukning útgjalda til Landspítala á þessum árum var þó umtalsvert minni hlutfallslega en til hinna flokkanna eða 11% miðað við 19% aukningu til heilbrigðismála í heild og 25% til menntamála. Útgjöld til menntamála og heilbrigðismála almennt uxu enn frekar árið 2008 en það ár voru útgjöld til menntamála 31% hærra en árið 2001 og útgjöld til heilbrigðismála í heild 22% hærra. Eftir hrun drógust útgjöld vegna allra þessara flokka saman eins og við var að búast. Útgjöld til menntamála voru þó enn 15% hærra árið 2012 en árið 2001 og útgjöld til heilbrigðismála í heild 8% hærra. Útgjöld til Landspítala árið 2012 voru hins vegar 7% LÆGRI en árið 2001 og árið 2013 voru þau enn 4% lægri en árið 2001.




Skoðum útgjöld til heilbrigðismála sérstaklega, þróun opinberra útgjalda til heilbrigðisþjónustu í heild (bláa línan), til sjúkráhusþjónustu almennt (gráa línan) og til Landspítala (rauða línan). Á árunum 2001 til 2008 jukust útgjöld til allra flokkanna en mismikið, að hámarki 11% hjá Landspítala. Árið 2008 hófst samdráttur útgjalda hvað Landspítala varðar en hins vegar var enn aukið við gagnvart heilbrigðisþjónustu í heild, upp í 22% miðað við árið 2001, og til sjúkráhusþjónustu almennt, í 15% miðað við árið 2001. Eftir 2008 varð samdráttur í öllum þremur flokkunum en hlutfallslega mun meiri gagnvart LSH auk þess sem endurbatinn virðist þar skila sér eitthvað seinna. Árið 2012 vantaði aðeins 1% upp á að útgjöld til sjúkráhusþjónustu almennt væru þau sömu og árið 2001. Landspítali á talsvert lengra í land en útgjöld til hans á árinu 2012 voru enn 7% lægri en árið 2001 og 4 % lægri árið 2013.

Í samanburði við heilbrigðis- og sjúkráhusþjónustu almennt hófst samdráttur ríkisútgjalda til LSH fyrr, var hlutfallslega meiri og virðist ætla að skila sér seinna til baka. Að sumu leyti er eðlilegt að stærsta opinbera stofnun Íslendinga taki á sig hlutfallslega þyngri byrðar við endurreisn efnahagslífsins en almennt gerist. Það þarf þó að gæta þess að hún geti áfram gegnt því hlutverki sem henni er ætlað samkvæmt lögum.


**SAMANBURÐUR VIÐ SÆNSK HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
 ÞJÓÐARSJÚKRAHÚS - SAMBÆRILEG ÞJÓNUSTA**
 Heimild: McKinsey & Company, skýrsla uminn fyrir LSH ágúst 2013

Examples of specialized clinics/sub specialties	LANDSPÍTALI	SÁHLGRENSKA SJÚKRAHÚSIÐ	KAROLINSKA
Neonatal intensive care	✓	✓	✓
Neurosurgery	✓	✓	✓
Haematology	✓	✓	✓
Ophthalmology	✓	✓	✗
Liver transplantation and other highly specialized surgery	✗	✓	✓
Mental health	✓	✓	✗

Landspítali er eina háskólasjúkrahús Íslendinga og gegnir að flestu leyti sama hlutverki og t.d. Karolinska sjúkrahúsið og Sahlgrenska sjúkrahúsið í Svíþjóð eins og þessi mynd sýnir.



Landspítali er vissulega stór á íslenskan mælikvarða en hann er samt einungis um fjórðungur af stærð Karolinska sjúkrahússins og Sahlgrenska sjúkrahússins í Svíþjóð. Lögmálið um hagkvæmni stærðarinnar gildir því varla ef bornar eru saman kostnaðartölur milli þessara þriggja sjúkrahúsa.



Ráðgjafarfyrirtækið McKinsey gerði einmitt slíkan samanburð á rekstrarkostnaði þessara þriggja sjúkrahúsa árið 2013. Samkvæmt OECD má gera ráð fyrir að verðlag sé um 12% hærra í Svíþjóð en á Íslandi. Munurinn á kostnaði við þjónustu sjúkrahúsanna reyndist mun meiri en eins og myndin sýnir reyndist þjónusta Karolinska sjúkrahússins kostnaðarsömumust eða 58% dýrari á hverja einingu en þjónusta Landspítala.

Landspítali leggur áherslu á hagkvæmni í rekstri og hefur náð mjög langt á því sviði en slíkur kostnaðarmunur milli stofnana sem hafa svipuðu hlutverki að gegna getur ekki talist eðlilegur. Samdráttur í rekstrarkostnaði Landspítala síðustu ár var nauðsynlegur í ljósi aðstæðna en hann hefur þegar gengið of langt eins og þessi samanburður sýnir. Ráðamenn þjóðarinnar virðast gera sér grein fyrir þessu ef dæma má af þeim stuðningi sem Alþingi sýndi Landspítala á fjárlögum ársins 2014 þar sem nokkuð var aukið við fjárframlög til spítalans. Vonandi var sú aðgerð fyrsta skrefið í langþráðri uppbyggingu sjúkrahússins en málþingið hér á eftir fjallar einmitt um það verkefni.

